

107
6. des.

skoðun ríkisins. Mæling og skrásetning skipa. Vitamál. Hafnarmál. Iðnaðarmál, þar undir iðnskólar, iðnaðarnám, iðnfélög. Eftirlit með verksmiðjum og vélum. Einkaréttarleyfi. Veðurstofan. Ríkisprentsmiðjan. Heilbrigðismál, þar á meðal sjúkrahús og heilsuhæli. Enn fremur flugmál, þar undir flugvallarekstur.

V. Ráðherra Jón Pálmason. Undir hann heyra landbúnaðarmál, þar undir ræktunarmál, þar á meðal skógræktarmál og sandgræðslumál, búnaðarfélög, búnaðarskólar, garðyrkjuskólar, húsmæðraskólar í sveitum, dýralækningamál, þjóðjarðamál, Búnaðarbanki Íslands. Enn fremur rafmagnsmál, þar á meðal rafmagnsveitur ríkisins og rafmagnseftirlit. Vatnamál, þar undir sérleyfi til vatnsorkunotkunar, jarðboranir eftir heitu vatni og gufu. Námurekstur. Kaupfélög og samvinnufélög. Atvinnudeild háskólans. Rannsóknarráð ríkisins. Vegamál. Póst-, síma- og loftskýtamál.

Ráðherrafundi skal halda um nýmæli í lögum og mikilvæg stjórnarmálefni. Svo skal og ráðherrafundi halda, ef einhver ráðherra æskir að bera þar upp mál.

Með úrskurði þessum er úr gildi felldur forsetaúrskurður frá 4. febrúar 1947, um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl., svo og forsetaúrskurður frá 28. febrúar 1947, um breyting á þeim úrskurði.

Gjört í Reykjavík, 6. desember 1949.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

106
14. des.

AUGLÝSING

um afnám vegabréfsáritana.

Samkomulag hefur náðst við ríkisstjórn Hollands um afnám vegabréfsáritana fyrir íslenzka ríkisborgara, sem ferðast vilja til Hollands, og gagnkvæmt, enda sé ekki um lengri dvöl að ræða en 3 mánuði og eigi dvöl í atvinnuskyni.

Samkomulagið gekk í gildi 1. desember 1949.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 14. desember 1949.

Bjarni Benediktsson.

Agnar Kl. Jónsson.